



Borgarráð

Reykjavík, 14. október 2025
MSS25100028

Kvennaverkfall 24.október 2025

Lagðar eru fram til kynningar leiðbeiningar til stjórnenda vegna kvennaverkfalls sem er boðað föstudaginn 24.október 2025.

Á sjötta tug samtaka kvenna, femínista, hinsegin fólks og fatlaðs fólks hafa boðað til kvennaverkfalls umræddan dag, þar sem konur og kvár eru hvött til að leggja niður launuð og ólaunuð störf þann daginn.

Heiða Björg Hilmisdóttir
Borgarstjóri

Hjálagt:
Kvennaverkfall – leiðbeiningar 24.október 2025



Leiðbeiningar - Kvinnaverkfall 24. október 2025

Á sjötta tug samtaka kvenna, feminista, hinsegin fólks og fatlaðs fólks hafa boðað til kvinnaverkfalls föstudaginn 24. október 2025.

Stjórnendur eru beðnir um að leita leiða til þess að koma til móts við starfsfólk, þar sem því verður við komið, og skapa eftir bestu getu aðstæður á starfsstað og í starfsemi til að sem flestar konur og kvár hafi tök á að taka þátt í kvinnaverkfallinu 24. október, að hluta eða í heild. Í þeim tilvikum þar sem það er ekki hægt, starfseminnar vegna, skulu stjórnendur leita leiða til að starfsfólk geti með öðrum hætti sýnt samstöðu með kröfum dagsins.

Ljóst er að veruleg röskun verður á öllu samfélaginu þennan dag og gera má ráð fyrir að áhrifin verði mikil hjá Reykjavíkurborg þar sem yfir 75% starfsfólks eru konur og kvár.

Áréttað er að ekki er um eiginlegt verkfall að ræða þar sem um verkföll gilda sérstök lög og reglur og er ákvörðun um vinnutíma starfsfólks og ábyrgð á starfsemi er á forræði hlutaðeigandi stjórnanda.

Svið og starfsstaðir þurfa að huga að skipulagi starfsseminnar og þjónustu þennan dag og gera viðbragðsáætlanir eftir eðli starfseminnar.

Vegna þessa eru eftirfarandi leiðbeiningar til stjórnanda:

- Stjórnendur í samráði við starfsfólk eru beðnir um að leggja sig fram við að skapa aðstæður fyrir konur og kvár til að taka þátt í kvinnaverkfalli 24. október nk.
- Skipulag vegna þessa verður að taka mið af því að nauðsynlegustu almannaðjónustu sé sinnt og að öryggi og heilsu verði ekki stofnað í hættu og er fjarvera þ.a.l. háð samþykki stjórnanda.
- Gera breytingar á mönnunarskipulagi, draga úr starfsemi þar sem hægt er og skoða lausnir í samráði við starfsfólk í þeim tilvikum þar sem þarf að manna starf í þjónustu sem ekki má skerðast og enginn karlkyns starfsmaður til staðar sem getur sinnt starfinu þann dag.
- Þar sem ekki verður hægt að verða við óskum kvenna og kvár um fjarveru frá vinnu vegna þátttöku í kvinnaverkfalli vegna eðli starfsseminnar á starfsstað verði skoðað hvernig konur og kvár geti með öðrum hætti tekið þátt og sýnt málefninu samstöðu.
- Leyfa körlum sem þess þurfa að taka börn með í vinnuna eða taka orlof eins og unnt er.

Ekki verður litið á fjarvistir kvenna og kvár vegna þátttöku í kvinnaverkfalli í samráði við stjórnanda, sem óréttmætar né verður dregið af launum vegna þeirra.